

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Flóku í Borgarfjarðarsýslu.

Steðji	14.00	einingar
Brúsholt	13.50	—
Skógar	7.00	—
Hrisar	5.00	—
Eyri	9.00	—
Múlastaðir	15.00	—
Varmalækur	13.50	—
Bær	18.00	—
Laugarholt	5.00	—

Samtals 100.00 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. apríl 1964.***Ingólfur Jónsson.***Jón L. Arnalds.*

Nr. 58.

13. apríl.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðjóns Gunnarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. apríl 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjóns Gunnarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðjóns Gunnarssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarkaupstaðar á aðalfundi þess 15. marz 1961, til minningar um Guðjón Gunnarsson, framfærslufulltrúa, og störf hans í þágu félagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Hafnarfjarðar, eða annarri tryggri lánastofnun.

Stjórninni skal þó heimilt að verja allt að 2% hlutum sjóðsins til kaupa á tryggum verðbréfum, er séu annað hvort vísitölutryggð eða beri hærri vexti en innláns- vexti í bönkum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta, árlegt framlag úr félagssjóði og gjafir og áheit, sem honum kunna að áskotnast. Enn fremur skal sjóðnum aflað tekna með útgáfu og sölu minningarkorta.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega féлага í starfsmannafélaginu í veikindum þeirra og á sama hátt ekkjur og ekkla og börn þeirra.

Úthlutun styrkja fer fram á fæðingardegi Guðjóns Gunnarssonar 21. september ár hvert og skulu umsóknir um styrki sendar sjóðsstjórninni eigi síðar en 10. september.

Ef engin umsókn berst um styrk úr sjóðnum eitthvert ár, eða umsækjendur eru ekki styrkhæfir að dómi sjóðsstjórnar, getur sjóðsstjórnin gert annað tveggja, að leggja úthutunarféð við höfuðstólinn eða geymt það til úthlutunar næsta ár.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og skal kjósa þá árlega á aðalfundi félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins, umsóknir um styrki og skrá um úthlutanir úr sjóðnum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar og lesnir upp á aðalfundi þess ár hvert.

7. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu lagðar við höfuðstól hans þar til hann er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —. Eftir það má úthluta úr sjóðnum árlega, sem svarar helmingi tekna hans.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — skal endurskoða reglur um úthlutunarpupphæð og breyta þeim ef ástæður þykja til. Skulu hinar nýju reglur samþykktar af stjórn starfsmannafélagsins og meiri hluta félagsmanna á aðalfundi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T**um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar.****I. KAFLI****Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.**

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Akraness er almennt í fyrirsvári fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau við-